

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 38/1999
frá 30. mars 1999

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) og bókun 37
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var
aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er
nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-
nefndarinnar nr. 15/1999 frá 29. janúar 1999⁽¹⁾.

Ákvörðun ráðsins 78/174/EBE frá 20. febrúar 1978 um tilhögun samráðs og skipan
nefndar er fjalli um samgöngumannvirki⁽²⁾ er hluti af samningnum.

Nefndin um samgöngumannvirki sem skipuð var samkvæmt ákvörðun ráðsins
78/174/EBE er talin upp í bókun 37 sem nefnd sem sérfræðingar frá EFTA-ríkjunum
skulu eiga aðild að.

Ákvörðun ráðsins 78/174/EBE er felld úr gildi með ákvörðun Evrópuþingsins og
ráðsins nr. 1692/96/EB frá 23. júlí 1996 um viðmiðunarreglur bandalagsins við
uppbyggingu samevrópska flutningakerfisins⁽³⁾.

Í ákvörðun nr. 1692/96/EB er kveðið á um að hægt eigi að vera að tengja þetta kerfi,
m.a. kerfum EFTA-ríkjanna, og jafnframt sé stuðlað að rekstarsamhæfi og aðgangi að
þessum kerfum.

Með ákvörðun nr. 1692/96/EB er komið á föt nefnd um samevrópska flutningakerfið.

Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1692/96/EB skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 35, 10.2.2000, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 10.2.2000, bls. 124.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 54, 25.2.1978, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 228, 9.9.1996, bls. 1.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Í XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) komi „2. VIÐBÆTIR“ í stað „1. VIÐBÆTIR“, „3. VIÐBÆTIR“ komi í stað „2. VIÐBÆTIR“, „4. VIÐBÆTIR“ komi í stað „3. VIÐBÆTIR“ og „5. VIÐBÆTIR“ komi í stað „4. VIÐBÆTIR“.

2. gr.

Í stað 5. liðar (ákvörðun ráðsins 78/174/EBE) í XIII. viðauka við samninginn komi eftirfarandi:

„5. **396 D 1692:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1692/96/EB frá 23. júlí 1996 um viðmiðunarreglur bandalagsins við uppbyggingu samevrópska flutningakerfisins (Stjtið. EB L 228, 9.9.1996, bls. 1), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 15. 17.1.1997, bls.1.

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir.

- a) í 2. mgr. 1. gr. komi „samningsaðilar að EES-samningnum“ í stað orðanna „aðildarríkin og ef við á bandalagið“ og í stað orðanna „ með fyrirvara um fjárhagslegar skuldbindingar aðildarríkis eða bandalagsins“ komi „með fyrirvara um fjárhagslegar skuldbindingar samningsaðila að EES-samningnum“,
- b) í 3. mgr. 1. gr. komi „EES-samningur“ í stað orðsins „sáttmáli“,
- c) í a-lið 2. mgr. 2. gr. komi orðin „markmið sem um getur í EES-samningnum“ í stað „markmið bandalagsins“,
- d) í h-lið 2. mgr. 2. gr. komi orðið „Sviss“ í stað orðanna „ríki Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA)“ og orðin „hagsmunir samningsaðila að EES-samningnum“ í stað „hagsmunir bandalagsins“,
- e) í fyrstu línu 4. gr. komi „ráðstafanir samningsaðila að EES-samningnum“ í stað orðanna „ráðstafanir bandalagsins“ og í i-lið komi „hagsmunir samningsaðila EES-samningsins“ í stað orðanna „sameiginlegir hagsmunir“,
- f) Í 6. gr. komi „samningsaðilar að EES-samningnum“ í stað orðsins „bandalagið“ og setningin „í samræmi við viðeigandi málsmeðferð í sáttmálanum“ gildir ekki,
- g) í 1. mgr. 7. gr. komi „EES-samningur“ í stað orðsins „sáttmáli“,
- h) í 1. mgr. 8. gr. gilda orðin „og með beitingu tilskipunar 92/43/EBE“ ekki og í b-lið 2. mgr. 8. gr. komi „yfirráðasvæði samningsaðila að EES-samningnum“ í stað orðsins „bandalagið“,

- i) í 2. þætti (Vegir) í I. viðauka við ákvörðunina bætist við eftirfarandi og sýnt með kortum eins og sett er fram í 1. viðbæti við þennan viðauka:
„2.15. Ísland
2.16. Noregur“,
- j) í 3. þætti (Járnbrautir) í I. viðauka við ákvörðunina bætist við eftirfarandi og sýnt með kortum eins og sett er fram í 1. viðbæti við þennan viðauka:
„3.16. Noregur“,
- k) í 6. þætti (Flugvöllir) í I. viðauka við ákvörðunina bætist við eftirfarandi og sýnt með kortum eins og sett er fram í 1. viðbæti við þennan viðauka:
„6.8. Ísland“,
6.9. Noregur.

Fyrirkomulag samstarfs EFTA-ríkjanna í samræmi við 101. gr. samningsins:

Sérfræðingi frá hverju EFTA-ríkjanna er heimilt að taka þátt í verkefnum nefndarinnar um samevrópska flutningakerfið. Framkvæmdastjórn EB skal, þegar þar að kemur, láta þátttökuaðila vita um fundardag nefndarinnar og senda viðeigandi gögn.“

3. gr.

Í stað 4. liðar (Nefnd um samgöngumannvirkni) í bókun 37 við samninginn komi eftirfarandi:

- „4. Nefnd um samevrópska flutningakerfið (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1692/96/EB).

4. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1692/96/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. mars 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. mars 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbato

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

VIÐAUKI
við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/1999

„1. VIÐBÆTIR

KORT SEM UM GETUR Í I. VIÐAUKA VIÐ ÁKVÖRÐUN
EVROPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 1692/96/EB, SEM BÆTT VAR VIÐ
VEGNA EES-SAMNINGSINS

(sjá aðlögunarliði i), j) og k) í 5. lið XIII. viðauka við samninginn)

[KORT] “